



Seyðisfirði 1. febrúar 2006

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/751

komudagur 3.2.2006

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.**

**Efni: Umsögn Samgöngunefnd SSA
Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum nr. 61/2003.
380. mál, frestun framkvæmda o.fl.**


Samgöngunefnd SSA mælir með samþykkt frumvarpsins.

Greinargerð.

Vísað er til, innsendra, umsagnar Samgöngunefndar SSA frá 26. febrúar 2003 um samgönguáætlun 2003-2014 og fjögurra ára samgönguáætlunar 2003-2006 varðandi hafnir. Einnig samþykktir aðalfunda SSA 2002 og 2003 sama efnis. Þar er varað við þeim afleiðingum sem róttækar breytingar varðandi styrki til hafnaframkvæmda á landsbyggðinni geta haft í sumum sjávarbyggðum.

Það er því í takt við fyrri umsagnir SSA að mælt er með samþykkt þessa frumvarps sem mælir fyrir frestun á bráðbirgðarákvæði II, til loka árs 2008. Ítrekað er að tíminn verði vel nýttur til að finna ásættanlega lausn á styrkveitingum til framkvæmda í höfnum sem standa höllum fæti á landsbyggðinni í ört breyttu samfélagi.

Virðingarfyllt.



Þorvaldur Jóhannsson